



ÍPRÓTTAFÉLAGIÐ HAMAR ÁRSSKÝRSLA 2025



Prentun: Prentþjónusta Hveragerðis og nágrennis – Sími 866 1510 – prentun@phon.is

ÁRSSKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRNAR 2025

Ný stjórn framkvæmdastjórnar Hamars var kosinn þann 13. mars 2025. Stjórn Hamars skipa

Þorsteinn T Ragnarsson formaður, Jónas Guðnason gjaldkeri, Dagrún Ösp Össurardóttir ritari og meðstjórnendur Ágúst Logi Valgeirsson og Eva Harðardóttir.

Margt jákvætt hefur gerst á árinu 2025 hjá Hamri þó svo að Hamar líði enn fyrir að hafa misst stóra hlutann af íþróttaaðstöðu sinni fyrir næstum fjórum árum og mikil orka hefur farið að finna öllum deildum farveg í að sinna sínu hlutverki. Er óhætt að sýna Þorlákshöfn og Selfossi þakklæti er varðar nýtingu á þeirra aðstöðu.

Byggingarnefnd vegna nýs íþróttahúss er enn að störfum og vonir liggja í að nýtt íþróttahús líti dagsins ljós á árinu 2027. Biðin er orðin löng og ljóst að mikilvægi þess að áætlanir standist eru orðnir mjög miklar. Iðkendum fjölga ár frá ári.

Vonir stóðu til að nýr knattspyrnuvöllur yrði tekinn í gagn 2025 en sú varð því miður ekki raunin. Vonir binda við vorið 2026.

Sá stóri áfangi að verða fyrirmyndafélagi ÍSí varð að veruleika á árinu 2025 og er Hamar verulega stolt af þeim áfanga. Krafan um skilvirka og góða stjórnun hefur aldrei verið meiri og því mikilvægt að hafa náð þessum titli.

En skattakóngurinn ríkir yfir íþróttahéminum á Íslandi og mikilvægt að Hamar sé í stakk búið til að takast á við breyttar reglur í rekstri. Unnið er því markvisst við að gera Hamar sem heild sterkt bæði út á við og inn á við.

Hamar tókst einnig á árinu 2025 að verða almannahéillafélag.

Almenningsíþróttir Hamars hafa aldrei verið öflugri og núna hafa lyftingar kvenna og líkamsrækt karla vaxið verulega og jákvætt að hópur iðkenda Hamars fer stöðugt vaxandi í þessum íþróttum.

Hamarsport unglingar er hópur sem við erum stolt af en þar fá tækifæri unglingar sem kannski síður finna sér farveg í hópaíþróttum.

Fjölgreinaverkefni Hamars hefur núna starfað í 3 ár og fer stöðugt vaxandi enda fer iðkendahópurinn stækkandi á milli ára. Þetta er verkefni fyrir börn í fyrsta og öðrum bekk þar sem þau fá tækifæri til að kynna öllum íþróttum sem í boði eru í Hveragerði. Ánægjulegt að deildir sem hafa verið frekar litlar eins og sund og blak hafa stækkað verulega með auknum áhuga iðkenda í gegnum þetta verkefni.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu háði erfiða barráttu í sumar við að halda sér í fjórðu deild og með samstillu átaki þjálfara, leikamanna, starfsmanna, stuðningsaðila og áhorfenda þá tókst það. Markús Andri hélt áfram sinni velgengi í landsliðum knattspyrnu U15 og U16 en hann er einnig fyrirliði U15 landsliðsins.

Hamar Þór konur í körfubolta héldu sér áfram í Bónus deild og körfuboltadeild karla er í fyrstu deild. Stór hópur drengja fór í körfuboltabúðir til Spánar og á næsta ári stefna stelpurnar á að fara í sömu búðir.

Meistaraflokkur karla í blaki er áfram eitt af efstu liðum þeirrar deildar. Ánægjulegt að segja frá því að þeir Hafsteinn og Kristján Valdimarssynir spiluðu báðir sinn hundraðasta leik með landsliði Íslands.

Badmintonið gengur vel. Hrund Guðmundsdóttir og Þórhallur Einisson urðu íslandameistarar í tvenndarleik 2. deild og Hulda María Hilmisdóttir í einliðaleik U15 b – Meyjar.

Fimleikadeild fór í æfingarferðlag til Ítalíu sem heppnaðist ákafleg vel.

Fh. Framkvæmdastjórnar Íþróttafélagsins Hamars í Hveragerði,

Þorsteinn T Ragnarsson
Formaður



ÁRSSKÝRSLUR DEILDA

Í skýrslum deildanna má sjá hvað bar hæst hjá þeim á árinu 2025. Stærsti áhrifabátturinn er eflaust húsnaðisleysi en dugnaður og það að vera lausnarmiðaður er eitthvað sem hefur fleytt deildunum áfram þar sem allir eru að leggja sitt af mörkum til að láta hlutina ganga upp. Hamar er sterkt félag sem ætlar ekki að láta neitt buga sig heldur verða sterkari með hverju árinu.



ÁRSSKÝRSLA BADMINTONDEILDAR 2025

Stjórn badmintondeildar Hamars 2025 skipa Þórhallur Einisson formaður, Kristín Ósk Sigurbjörnsdóttir gjaldkeri, Hrund Guðmundsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru Vilhjálmur Roe og Einar Lyng Hjaltason.

Yfirþjálfari deildarinnar er Róbert Bergmann Eiríksson. Honum til aðstoðar eru afkrekskrakkar úr deildinni. Úlfur Þórhallsson, Vilhjálmur Roe og Rebekka Einarsdóttir.

Úlfur Þórhallsson kláraði dómaramámskeið BSÍ og þarf nú að dæma leiki á unglinga- og fullorðinsmótum til að fá fullnaðarskírteini.

24. mars fengu Íris Þórhallsdóttir og Rebekka Einarsdóttir boð um að mæta á stelpuafreksæfingu BSÍ með Kenneth landsliðsþjálfara.

12. maí var tekin skóflustunga fyrir viðbyggingu íþróttahúss við Skólamörk. Ástandið í íþróttaaðstöðu Hveragerðisbæjar er samt sem áður enn við það sama. Við fengum í gegn að aldurs og getuskipta krökkunum en fáum bara eina klst í senn á æfingu

sem er allt of lítið fyrir keppniskrakka og eldri unglingana. TBR og BH hafa því boðið efnilegum spilurum hjá okkur að mæta á keppnishópsæfingar hjá þeim og færum við þeim góðar þakkir fyrir þar sem það er mikilvægt að elstu krakkarnir fái að spila með sínum jafnöldrum og reyndara keppnisfólki. Við höfum því miður orðið að neita unglingum frá Selfossi og sveitunum þar í kring að æfa með okkur þar sem það er ekki pláss í Hveragerði og ekki er hægt að fá gólf tíma í húsum annarsstaðar í kring eins og er.

43 krakkar í 1. og 2. bekk æfa badminton í fjölgreinahóp. 27 úr 3.-7. bekk og 10 eru í keppnishóp. Greinilegt er að fjölgreinarnar hafa ekki skilað okkur iðkendum upp í 3ja bekk. Róbert hélt sumarnámskeið í júní fyrir byrjendur í 2.-7 bekk sem tókst mjög vel en 16 krakkar voru skráð til leiks.

Badmintonsambandið valdi Úlf Þórhallsson og Rebekku Einarsdóttur til að taka þátt í Nord Atlantic camp, æfingabúðunum sem fóru að þessu sinni fram á Íslandi í júní. En þar koma spilarar frá Færeyjum, Íslandi og Grænlandi og æfa saman undir leiðsögn erlends yfirþjálfara sem að þessu sinni var Pontus Rydström frá Finnlandi. Þessar æfingabúðir eru ekki niðurgreiddar og borgaði deildin gjöldin fyrir sína iðkendur og fengum við ferðastyrk hjá Hamri.

Dósasafnanir eru okkar stærstu fjáraflanir eins og er og rennur allur ágóðinn beint í barna- og unglingastarfið. Við borgum öll mótsgjöld fyrir þau sem taka þátt í mótum og allir krakkar fá Hamarsbol frá Craft merktan með nafni á bakinu. Við þökkum Hofland, Orkunni, Kjörís og Rósakaffi fyrir auglýsingastyrkina á búningunum okkar.

Í ágúst eyddu keppniskrakkarnir og foreldrar laugardagskvöldi í vörutalningu í Bónus í fjáröflun – svona viðburðir hrista saman hópinn og allir leggja hönd á plóg. Virkilega vel gert hjá krökkunum þó þau yngstu væru orðin ansi lúin í lokin.

Við eigum góðan hóp af sjálfbóðaliðum sem aðstoða okkur í dósasöfnunum, mótahaldi, skutli á mótin, smyrja nesti og allt sem fellur til og þarf að græja og gera fyrir viðburði hjá deildinni.

18. nóvember varð Hamar fyrirmyndafélag ÍSí og fengu allar deildir viðurkenningar.

Á sunnudögum æfa ungir og gamlir saman en þá bjóðum við fullorðnum spilurum að spreyta sig og keppniskrakkarnir nýta tímann með þeim.

Róbert fylgdi krökkunum á fjölda móta í TBR, BH, UMFA, ÍA og KR. Sömuleiðis héldum við unglinga mót HSK í Þorlákshöfn og Hamar sigraði viðureignina við Dímon um HSK bikarinn.

ÁRSSKÝRSLA BLAKDEILDAR 2025

Stjórn blakdeildar Hamars árið 2025 skipuðu Hafsteinn Valdimarsson (formaður), Guðmundur Vignir Sigurðsson (gjaldkeri), Ragnheiður Kristinsdóttir (ritari), Sigurður Hjaltason og Elva Gunnlaugsdóttir.

Árið 2025 var gott blakár fyrir blakdeild Hamars, iðkenndum hefur fjölgað í einhverjum flokkum en því miður orðið fækkun annarstaðar. Hefur verið sérstaklega gaman að sjá hversu margir krakkar eru að æfa í fjölgreina verkefninu hjá okkur og er það

Afrekshópurinn okkar tekur nú þátt í öllum unglingamótum og fullorðinsmótum vetrarins í öllum greinum.

Keppniskrakkarnir voru dugleg að mæta á sumaræfingar en þá rýmkaðist um tíma í húsinu og æfingarnar voru lengri í senn.

Öll unglingamótin voru spiluð með nýja 2ja greina fyrirkomulaginu (nema Reykjavíkurmótið og Íslandsmótið) og hefur það reynst vel. Krakkarnir fá fleiri leiki við sitt hæfi og eru sáttari við sínar viðureignir. Kerfið er enn í þróun og vonumst við til að biðtími milli leikja styttest enn þegar reynsla er komin á þetta.

Kjör til íþróttamanns Hveragerðis fór fram í janúar í Listasafni Árnesinga. Fjórir badmintonspilarar fengu viðurkenningu frá bænum. Úlfur Þórhallson var valinn badmintonmaður Hveragerðis en bærinn hefur sett reglur um að viðkomandi þurfi að vera orðinn 16 ára til að eiga möguleika á kjöri. Hrund Guðmundsdóttir, Þórhallur Einisson og Hulda María Hilmisdóttir fengu viðurkenningu fyrir að hafa orðið Íslandsmeistarar á árinu.

búinn að vera nokkuð stöðugur fjöldi sem hægt verður að byggja á næstu árum.

Hamar sendi tvö lið til leiks á HSK mótið á síðasta ári og sigruðu karlarnir sitt hraðmót en konurnar stóðu sig vel en náðu ekki að sigra mótið.

Karlalið Hamars tók þátt í efstu deild og var tímabilið upp og niður hjá liðinu titlarnir létu á sér standa þetta árið en liðið endaði í þriðja sæti í deildinni og endaði á því að tapa í undanúrslitum um Íslandsmeistaratitillinn í oddaleik gegn Þrótti R.



Tímabilið í ár hefur gengið vel og er liðið í toppbarráttu í deildinni og leikur í undanúrslitum bikarsins í næsta mánuði. Kvinnalið Hamars tók ekki þátt í Íslandsmóti í ár en keppti á HSK mótum ásamt því að keppa á nokkrum trimmótum yfir árið. Hamar átti einnig lið í annari deild karla sem stóð sig með miklum sóma liðið náði þó ekki í efri helming deildarinnar voru hársbreidd frá því en liðið endaði í sjöunda sæti deildarinnar sem er mjög flottur árangur.

BLÍ tilkynnti eftir tímabilið hvaða leikmenn hefðu staðið sig best að mati fyrirliða og þjálfara úrvalsdeildanna. Tveir Hamarsmenn hlutu verðlaun og voru í liði ársins: Tomek Leik var í liði ársins sem besti kanntur og flest stig í uppgjöf, Hafsteinn Valdimarsson fékk síðan verðlaun fyrir flestar hávarnir á tímabilinu.

Egill Þorri hélt áfram sem þjálfari karlaliðs Hamars en nýjir þjálfarar voru fengnir til að þjálfra kvinnaliðið og 2. Deildar lið Hamars og eftir smá bras á fyrri hluta tímabils tók Borislav Nikolov við þjálfun liðanna og hefur það gengið vel. Aðrir þjálfarar hafa svo einnig komið að þjálfun hjá deildinni.

Krakka og unglingastarfið er einnig í fullum gangi og sendum við eitt lið til leiks á HSK mót í apríl. Liðið stóð sig frábærlega en vegna veikinda í hópnum þurftum við að spila með sameiginlegt stelpu og stráka lið í strákaflokki. Krakkarnir létu það ekki á sig fá og spiluðu flott blak. Sannarlega frábær árangur og ljóst að framtíðin er björt hjá þessum krökkum. Við höldum áfram að bæta krakkastarfið og stefnum á bæði HSK mót og fleiri æfingaleiki gegn liðum í nágreninu til að efla krakkana enn frekar.

Það er nóg framundan hjá deildinni en stjórnin hefur haft í nægu að snúast síðasta árið og nóg af spennandi verkefnum framundan. Íslandsmótið er enn í fullum gangi og þar ætla Hamarsmenn sér að reyna að endurheimta eitthvað af titlunum í Hveragerði og því að nægu að keppa. 2. Deildin spilar síðan sitt úrslitamót á næstu vikum. Einnig er Öldungamót og Kjörismót framundan og því ljóst að það er nóg af skemmtilegum verkefnum sem bíða blakara á komandi ári. Samstarf stjórnarinnar gekk vel á árinu og fundaði stjórnin reglulega. Vilja þau þakka iðkenndum, þjálfurum, foreldrum og öðrum sem komið hafa að starfi deildarinnar fyrir samstarfið síðastliðið ár og hlakka til komandi verkefna á nýju starfsári.





ÁRSSKÝRSLA FIMLEIKADEILDAR 2025

Starfsemi fimmleikadeildar Hamars á árinu Aðalfundur fimmleikadeildar Hamars fór fram þann 5. febrúar. Á fundinum var kosið í stjórn deildarinnar, farið yfir ársskýrslu og ársreikningar lagðir fram til samþykktar í samræmi við lög og venjur félagsins.

Í byrjun árs voru teknir í notkun nýir félagsbolir frá fimmleikabola framleiðandanum GK.

Eldri iðkendur fimmleikadeildarinnar, þ.e. iðkendur í 3. flokki og eldri, héldu áfram æfingum og keppni í sameiginlegu liði Hamars og Þórs. Samstarfið hefur reynst farsælt og mikilvægt fyrir eldri iðkendur deildarinnar.

Helgina 28. febrúar til 2. mars tók hópurinn þátt í GK móti eldri hópa á vegum Fimleikasambands Íslands, þar sem send voru þrjú lið til keppni. Árangur liðanna var afar góður og enduðu þau í eftirfarandi sætum: – 3. flokkur stökkfimi: 3. sæti samanlagt – 3. flokkur B í hóp fimleikum: 5. sæti samanlagt – 2. flokkur stökkfimi: 5. sæti samanlagt

Þann 27. mars sótti Guðrún Magnea Guðnadóttir, fyrir hönd fimmleikadeildarinnar, þing Héraðssambands Skarphéðins (HSK) sem haldið var í Aratungu.

Í maí stóð fimmleikadeildin fyrir dósasöfnun til styrktar iðkendum sem voru á leið í æfingaferð til Ítalíu í júní. Foreldrar iðkendanna og iðkendur sjálfir sáu alfarið um framkvæmd söfnunarinnar.

Þann 12. maí mættu fulltrúar fimmleikadeildarinnar við skóflustungu að nýju íþróttahúsi. Uppbygging nýrrar aðstöðu er mikið fagnaðarefni fyrir deildina og félagið í heild, enda er skortur á viðeigandi æfingaaðstöðu orðinn verulegur. Vonir standa til þess að framkvæmdum ljúki sem fyrst, þar sem þörfin er afar brýn.

Yngri keppnishópur fimmleikadeildarinnar tók þátt í vormóti yngri flokka sem haldið var hjá Ármanni helgina 16.–18. maí. Margir iðkendur voru þar að keppa á sínu fyrsta móti og stóðu þær sig einstaklega vel. Mikill metnaður og gleði einkenndi frammistöðu hópsins og náðu stelpurnar sínum besta árangri á dýnu.

Helgina 23.–25. maí fór fram vormót eldri flokka á Akranesi. Sameiginlegt lið Hamars og



Pórs sendi þrjú lið til keppni. Tvö lið kepptu í 3. flokki í stökkfimi og enduðu í 9. og 10. sæti. Eitt lið keppti í 2. flokki stökkfimi og náði þar frábærum árangri með því að lenda í 2. sæti.

Næst elsta keppnishópi deildarinnar var boðið í hópferð til Reykjavíkur í lok tímabils, þar sem farið var í Skopp og síðan út að borða saman. Ferðin markaði skemmtilegan endi á tímabilið og stuðlaði að aukinni samheldni hópsins.

Dagana 15.–22. júní fór elsti keppnishópur deildarinnar í sameiginlega æfingaferð til Ítalíu með fimleikastelpum úr Þór. Æft var tvisvar á dag við góðar aðstæður. Á milli æfinga gafst tími til samveru og afþreyingar, meðal annars sundferða, strandferða, verslunar, heimsóknar í vatnsrennibrautagarð og fleiri skemmtilegra viðburða. Markmið ferðarinnar var annars vegar markviss þjálfun og hins vegar að styrkja hópinn félagslega, og má með sanni segja að bæði markmið hafi náðst afar vel. Stelpurnar voru deildinni til mikils sóma alla ferðina og ríkti mikil gleði og samstaða.

Þann 14. október hélt fimleikadeildin aðra dósasöfnun á árinu til að styðja við starfsemi deildarinnar.

Þann 13. desember tók elsti keppnishópurinn þátt í jólasýningu Pórs, þar sem þær æfa saman og stunda allar sínar æfingar í Þorlákshöfn. Hópurinn endaði síðan haustönnina á því að eiga skemmtilega æfingu og borða saman áður en haldið var í jólafrí. Í desember fengu yngstu hópar fimleikadeildarinnar sérstaklega skemmtilegar æfingar í lok annar. Að auki var boðið upp á piparkökur, mjólk og djús, sem setti hátíðlegan svip á æfingarnar og vakti mikla gleði meðal iðkenda. Fimleikadeildin bauð einnig

næst elsta hópnum á Hofland, þar sem horft var á jólamynd og borðuð pizza í notalegri samveru.

Á árinu var keypt loftgólf fyrir fimleikadeildina. Kaupin hafa haft afar jákvæð áhrif á starfsemi deildarinnar, enda er búnaður af skorum skammti eftir að deildin missti fyrri aðstöðu sína. Loft gólfið hefur gert æfingar fjölbreyttari og bætt aðstæður til muna.

Í lok árs var sú erfiða ákvörðun tekin að fimleikadeildin yrði ekki með keppnishópa á meðan deildin hefur ekki aðgang að eigin æfingaaðstöðu. Það er ekki raunhæft að undirbúa keppnishópa fyrir mót þegar æfingatími er verulega skertur og æft er á úreltum áhöldum, án þess að það bitni á líðan og þróun iðkenda. Allir iðkendur eldri en í 2. bekk þurfa að stunda stóran hluta æfinga sinna í Þorlákshöfn, sem gerir uppbyggingu deildarinnar mjög krefjandi þar sem hún er að miklu leyti háð annarri aðstöðu. Sem dæmi má nefna að iðkendur í 3.–5. bekk gátu einungis æft einu sinni í viku í Hveragerði, auk þess sem foreldrar þurftu að sjá um akstur á sunnudags æfingar þar sem ekki tókst að útvega rútu líkt og upphaflega hafði verið lofað.

Í lok árs 2025 voru eftirfarandi í stjórn: Fríða Margrét Þorsteinsdóttir (formaður), Lilja Björg Kjartansdóttir (gjaldkeri), Valgerður Rut Jakobsdóttir (ritari), Birgitta Ýr Sævarsdóttir (meðstjórnandi) og Katrín Eik Össurardóttir (meðstjórnandi).

Þjálfarar á árinu 2025 voru Aníta Líf, Bjarndís, Elísa Mist, Erna Eir, Guðlaug Björg, Hekla Björt, Inga Sól, Jamie Elizabeth, Karen Guja, Karítas Gígja, Nína Þöll, Mábil, Rut og Steinunn Inga.



ÁRSSKÝRSLA KNATTSPYRNUDEILDAR 2025

Árið 2025 var ár breytinga, áskorana og sigra, bæði innan vallar og utan. Það var ár sem minnti okkur á að Knattspyrnudeild Hamars er ekki einungis knattspyrnulið, heldur samfélag.

Á aðalfundi félagsins í febrúar 2025 voru kosin í stjórn: Eydís V. Valgarðsdóttir formaður, Kolbrún Tanja Eggertsdóttir gjaldkeri yngri flokka, Helga Dögg Snorradóttir ritari, Guðfinna Ýr Sumarliðadóttir formaður barna- og unglingaráðs, Kristján Hannesson formaður meistaraflokksráðs, Linda Dögg Guðmundsdóttir meðstjórnandi og Bjarni Haukdal Vilhjálmsson meðstjórnandi. Varamaður: Sara Margrét Hammer.

Jafnframt var kosið í barna- og unglingaráð: Freyja Rut Magnúsdóttir, Helga Dögg Snorradóttir, Linda Dögg Guðmundsdóttir, Kolbrún Tanja Eggertsdóttir og Bjarni Haukdal Vilhjálmsson.

Jafnframt var kosið í meistaraflokksráð: Ágúst Örn Ingvarsson, Sigmundur Magnússon og Bryndís Malín Sigurðardóttir. Ekki tókst að finna gjaldkera fyrir meistaraflokksráð en Guðjóna Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Hamars hefur gengt því starfi fyrir flokkinn.

Við þökkum fráfarandi framkvæmdastjóra, Tómasi Inga Tómassyni og Hermanni Hreinssyni yfirþjálfara fyrir þeirra framlag til deildarinnar á liðnum árum.

Við fögnum því að hafa fengið til liðs við okkur nýjan yfirþjálfara yngri flokka, Sigfús Margrétarson, sem hefur nú þegar lagt mikla vinnu í að styrkja barna- og unglingastarfið. Metnaður hans, fagmennska og einlægur áhugi á uppbyggingu deildarinnar skín í gegn í daglegu starfi og erum við þakklát fyrir hans vinnu og framlag.

Rekstur deildarinnar gekk vel á árinu og stendur á traustum grunni. Fjáröflunarverkefni og stuðningur styrktaraðila skipta þar miklu máli og við erum afar þakklát öllum þeim sem styðja við starfið.

Firmamót Knattspyrnudeildar Hamars var haldið með glæsibrag og sýndi enn og aftur hvað samstaðan í bænum er sterk. Viðburðir á borð við dansleik á Blómstrandi dögum og lokahóf liðsins eru mikilvægir þættir í félagsstarfinu og styrkja tengsl innan samfélagsins.

Á árinu var lögð aukin áhersla á faglega umgjörð starfsins. Reglulegir fundir, skýrari verkferlar og betri yfirsýn yfir rekstur, búnað og mönnun styrktu innviði deildarinnar.



Unnið var markvisst að:

- Skýrari skiptingu tímabila og skipulagi æfinga
- Samræmingu þjálfunar milli flokka
- Stuðningi við menntun þjálfara (m.a. UEFA námskeið á vegum KSÍ)
- Bættum ferlum varðandi atvikaskráningu og samskipti

Einnig var unnið að því að efla dómaramál innan félagsins og leitað leiða til að styrkja dómaramenntun í samstarfi við KSÍ.

Þrátt fyrir að upphitaður gervigrasvöllur hafi ekki enn verið tekinn í notkun, er undirbúningur langt kominn og horfum við björtum augum til þess að það muni marka stórt skref í uppbyggingu aðstöðu félagsins á þessu ári.

Við viljum sérstaklega þakka Guðjónu og stjórn Hamars íþróttafélags fyrir mikinn stuðning og gott samstarf á árinu.

YNGRI FLOKKAR

Starf yngri flokka hélt áfram að eflast og iðkendum fjölgaði á árinu. Í dag telja iðkendur deildarinnar um 280 börn og ungmenni en það er um 5% aukning á milli ára, sem er mjög ánægjuleg þróun.

Það eru 17 þjálfarar sem sinna daglegu starfi yngri flokka af metnaði og fagmennsku. Páskanámskeið og sumarnámskeið nutu mikilla vinsælda og stemningin í kringum starfið hefur sjaldan verið betri. Allir flokkar fóru á mót með sínum þjálfurum og er það dýrmæta reynsla og minningar sem efla iðkendur í leik og starfi.

Við höldum áfram samstarfi við Ægi og bættum við samstarfi við Selfoss í haust. Samstarfið hefur gengið vonum framár og er mikilvægur liður í framtíðaruppbyggingar deildarinnar.

Fjöldi leikmanna var valinn í hæfileikamótun og landsliðsverkefni á árinu, bæði í drengja- og stúlknaflökki. Það er skýr vísbending um að þjálfunin og uppbyggingin sé að skila árangri.

Við erum stolt af öllum okkar iðkendum - ekki aðeins þeim sem skara framúr á knattspyrnulegumsviðum. Hver einstaklingur hefur sitt fram að færa til deildarinnar, liðsfélaganna og þjálfaranna og án þeirra væri engin knattspyrnudeild.

Þó upphitaður gervigrasvöllur hafi ekki enn verið tekinn í notkun horfum við björtum augum til þess að það breytist á næstunni og mun það marka stórt skref í uppbyggingu aðstöðu deildarinnar fyrir iðkendur okkar.

MEISTARAFLOKKAR

Tímabil meistaraflokks karla verður lengi í minnum haft. Eftir fyrstu 12 leikina sat liðið í neðsta sæti með aðeins tvö stig. Fall virtist óumflýjanlegt. Það sem svo gerðist næstu vikur sýndi okkur hvað Hamar stendur fyrir. Undir stjórn Ólafs Hrannars Kristjánssonar, sem tók við liðinu um mitt sumar, snerist tímabilið við. Með fimm sigrum í röð tókst liðinu að tryggja sér 7. sæti í 4. deild. Þetta var ekki bara íþróttalegur árangur. Þetta var karakterpróf. Samstaða. Þrautseigja. Trú.

Við fögnum því að Ólafur Hrannar verður áfram með okkur í liði og mun leiða flokkinn áfram næsta tímabil.

Stefán Þór Hannesson sneri aftur heim í Hveragerði og styrkti markmannsstöðu flokksins. Nýjir varamannabúningar, hannaðir af Mána Snæ, vöktu einnig athygli, enda hrikalega flottir.

Unnið var að því að byggja upp kvennalið á árinu en það náði ekki fótfestu að þessu sinni. Við erum þrautseig og heldur sú uppbygging áfram.

SJÁLFBODALIÐARNIR

Knattspyrnudeild Hamars stendur og fellur með fólkinu sínu.

Foreldrum sem taka vaktir.

Þjálfurum sem leggja á sig ótal klukkustundir.

Stjórnarfólki sem sinnir starfi sínu samhliða vinnu og fjölskyldulífi.

Stuðningsmönnum sem mæta í rigningu og roki.

Við viljum hvetja enn fleiri til að bjóða sig fram til starfa fyrir deildina. Deildin vex og verkefnin verða fleiri. Það þarf fleiri hendur til að halda áfram

að byggja upp öflugt starf fyrir börnin okkar og samfélagið allt.

Við erum ein stór fjölskylda og það er okkar stærsti styrkur.

Framtíð Hamars er björt og við ætlum að halda áfram að byggja hana saman.

ÁFRAM HAMAR

Pökkum fyrir liðið starfsár,

Stjórn Knattspyrnudeildar Hamars



ÁRSSKÝRSLA KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR 2025

Starf yngri flokka Körfuknattleiksdeildar Hamars hefur verið í hraðri uppbyggingu á undanförunum árum og hefur iðkendum farið fjölgandi síðustu ár. Um áramótin 2025 – 2026 voru skráðir iðkendur 127, þar af 47 í fjölgreina verkefni 1. og 2. Bekkjar. Iðkendur í minnibolta, 3. – 4. bekk og 5. – 6. bekk, hafa verið duglegir að taka þátt í Íslandsmótinu og hafa verið allt að þrjú lið frá hverjum flokki á mótunum og hafa þau náð góðum árangri. Í eldri flokkunum hefur deildin haldið áfram góðu samstarfi við nágranna okkar í Þór og hafa félögin saman sent lið til keppni í 8. og 9. flokki kvenna og 7., 9. og 10. flokki karla með góðum árangri en samstarf þetta hefur reynst liðunum vel og er til þess fallið að efla leikmenn liðanna og gera þeim kleift að ná

saman í lið með sínum aldurshópi. Starf deildarinnar er í blóma og þjálfarar og foreldrar sjá framfarir á degi hverjum. Það er því ljóst að framtíðin er björt hjá yngri flokkum deildarinnar og bindum við vonir við að iðkendum haldi áfram að fjölga og að starfið styrki þá, bæði sem leikmenn og persónur.

Síðasta tímabil hjá meistaraflokki karla spilaði liðið í 1 deild og var afar farsælt og við sáum liðið ná flottum árangri, sýna mikinn metnað og gleðja stuðningsmennina okkar. Það tímabil sýndi hvað býr í hópnum þegar allt smellur saman. Liðið fór alla leið í úrslitakeppninni en tapaði þar í oddaleik um sæti í deild þeirra bestu. Yfirstandandi tímabil hefur hins vegar verið meira krefjandi. Úrslitin hafa ekki alltaf fallið með okkur og við höfum mætt ýmsum áskorunum. En slíkt er hluti af íþróttum – stundum gengur vel og stundum þurfum við að takast á við mótlæti. Það sem skiptir mestu máli er hvernig við



bregðumst við. Það er þó margt jákvætt sem má taka með sér. Leikmenn og þjálfarar hafa haldið áfram að leggja hart að sér, liðsheildin er sterk og viljinn til að bæta sig er til staðar. Með stuðningi félagsins, sjálfboðaliða og dyggra stuðningsmanna höfum við sterkan grunn til að byggja á. Við horfum því fram á veginn með bjartsýni. Reynslan sem fæst á erfiðum tímum getur reynst dýrmæt og hjálpað okkur að koma enn sterkari til baka.

Meistaraflokkur kvenna Hamars-Þórs spilaði í Bónusdeildinni, efstu deild kvenna árið 2025. Við lok tímabilsins 24-25 endaði liðið í næst-neðsta sæti og fór því í umspil við næst efsta lið fyrstu deildar um laust sæti í Bónus deildinni tímabilið 25-26. Liðið tapaði því umspili og því leit út fyrir að liðið myndi spila í 1. deild tímabilið 25-26. Úr varð þó að liðinu bauðst áframhaldandi sæti í Bónusdeildinni þar sem eitt lið hafði skráð sig úr keppni. Ákveðið var að þiggja boðið um sæti í Bónusdeildinni og því spilaði liðið í deild þeirra bestu einnig tímabilið 25-26. Ljóst var frá upphafi að styrkja þyrfti liðið töluvert fyrir þann slag, en þó var ákveðið að taka áskoruninni og markmið samstarfsins höfð að leiðarljósi, þ.e.

að bjóða stúlkum á Suðurlandi upp á tækifæri til að spila körfubolta á efsta getustigi og hafa þannig einnig sterkar fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur. Samstarf félaganna hefur gengið vel þótt að mörgu þurfi að huga þegar tvö sveitarfélög og íþróttafélög koma að einu liði. Mikilvægt hefur verið að hafa í huga markmiðin með samstarfinu og að það sé hugsað til framtíðar. Eðlilegt er að sveiflur komi hvað varðar leikmenn sem eru klárir í meistaraflokk þegar sveitarfélögin eru ekki stærri og iðkenda fjöldinn er ekki meiri á heildina. Með samstarfi er verið að auka líkur á minni sveiflum með því að stækka heildina sem að hefur gengið vel og er ánægjulegt að sjá að virðist styrkja samstarf yngri flokka einnig og auka tækifæri yngri iðkenda á öllum sviðum íþróttarinnar, bæði hvað varðar getu, aðstöðu, þjálfun og félagsþroska. Þegar þetta er skrifað er liðið í neðsta sæti Bónusdeildarinnar og lokaspretturinn við það að hefjast. Markmiðið er að sjálfsgöðu að halda liðinu í deild þeirra bestu, en tíminn verður að leiða það í ljós hvort það takist, annars þarf að aðlaga markmiðin eða setja ný líkt og þekkt í heimi íþróttanna.

ÁRSSKÝRSLA LYFTINGADEILDAR 2025

Árið sem nú er liðið var ágætisstarfsár hjá Lyftingadeild Hamars. Við höldum úti reglubundinni starfsemi sem eru sunnudagsæfingar okkar. Það má merkja talsverða aukningu af iðkendum og nýverið hófum við að taka hóflegt gjald sem er ætlað til að standa straum af starfseminni.

Aðalkostnaðarliðurinn er auðvitað þjálfun og munu iðkendagjöld að mestu sjá til þess að dekkja það.

Við reyndum að brydda uppá starfssemina en sérstök konudagsæfing var fljótlega eftir að stjórnin tók við (allir velkomnir engu að síður), haldið var Lift-off og verður annað slíkt haldið núna á næstu vikum í tengslum við "Open-leikana" hjá HamarSport.

Anna Guðrún Halldórsdóttir heldur áfram að vera okkar helsti fulltrúi þegar kemur að keppnum og hefur gert það gott árið 2025. Hún keppti á Íslandsmeistarmóti í febrúar, þar sem hún hafnaði í 5. sæti í opnum flokki. Hún varð evrópumeistari í maí í 87 kg flokki. Hún hafnaði hún í öðru sæti á heimsmeistaramóti ölduna í 86 kg flokki í september og að lokum þá hafnaði hún í fyrsta sæti á "Mediterranean Masters Weightlifting Open 2025". Stjórnin vill nýta þetta tækifæri og óska Önnu Guðrúnu til hamingju með sinn glæsta árangur 2025.

Gunnar Biering atti kappi á sama móti og sigraði sinn flokk, 110 kg+.

Elva Björk Jónsdóttir keppti á Haustmóti LSÍ, og hafndi þar í 4 sæti í 69 kg flokki.



Guðný Vala Björgvinsdóttir keppti á Íslandsmeistaramóti í febrúar 202, hafnaði það í öðru sæti í 71 kg flokki.

Því skal þó haldið til haga að Elva og Guðný æfa almennt í Reykjavík en hafa fengið aðstoð frá félaginu við að skrá sig á mót, þar sem það er jú skylda til að etja kappi á LSÍ mótum.

Þá skal það einnig fært til bókar að Heiðar Ingi Heiðarsson dæmdi á Íslandsmeistaramóti 2025.

Það er von fráfarandi stjórnar að fleiri láti til skarar skríða á árinu 2026.

ÁRSSKÝRSLA SUNDDEILDAR 2025

Síðasti aðalfundur sunddeildar Hamars var haldinn þann 13.febrúar 2025 en á þeim aðalfundi var það sundmaðurinn Haraldur Fróði Elvarsson sem fékk viðurkenningu fyrir góðar framfarir og ástundun í sundinu (sjá myndir fyrir neðan).. Þá voru einnig á aðalfundinu kosin í stjórn fyrir starfsárið 25/25 þau Sólveig Dröfn Andrésdóttir (gjaldkeri), Pröstur Stefánsson, (meðstjórnandi) og umrituð Laufey Sif Lárusdóttir (formaður).

Iðkendur sunddeildar Hamars voru á síðasta ári var 70 iðkendur en um er að ræða fjölbreyttan og öflugan hóp af krökkum sem iðka sundíþróttina af miklu kappi. Krakkarnir standa sig gríðarlega vel á æfingum og vinna statt og stöðugt að því að bæta tækni, færni og tíma í sundinu. Magnús Tryggvason þjálfari sér eins og venjulega um alla þjálfun í deildinni ásamt aðstoðarfólki með

flugfiskana. Laufey Sif Lárusdóttir hefur einnig áfram verið að taka við þjálfarakeflinu á æfingum hjá sunddeildinni afleysingu hefur þurft.

Á síðasta ári hélt sunddeild Hamars úti þremur sundæfingarrhópum:

Flugfiskar eru hluti að fjölgreinaþjálfun Hamars en þar er um að ræða krakkar í 1. og 2. bekk og mæta þau hress og kát á æfingu 1x í viku. Í Sela æfingar hópnum eru krakkar í 3. til 5. bekk og mæta þau á sundæfingar 3-4 æfingar í viku (þri, fim, fös og lau). Í Höfrunga æfingar hópnum, sem er elsti hópinn, æfa einstaklingar sem frá 6. bekk og upp úr og mæta þau á sundæfingar 3 til 4 æfingar á viku (þri, fim, fös og lau).

Farið var á þrjú sundmót á vegum HSK. Aldursflokkamót HSK í 25m laug sem haldið var á Hvolsvelli í apríl og á Selfossi í nóvember og áttum við þar nokkra þátttakendur á öllum aldri. Var svo Héraðsmót HSK í 50m laug haldið hér í



Laugaskarði í lok maí og þar kepptu nokkrir af okkar iðkendum. Á öllum þessum sundmótum stóðu iðkendur sunddeildar Hamars sig gríðarlega vel og náðu þar að bæta sína persónulega tíma. Sunddeild Hamars varð hluti af fyrirmyndarfélagi íþróttafélagsins Hamars í desember 2025.

Haldin var sérstök páskaundæfing þar sem allir sundiðkendur fengu lítinn glaðning sem vakti mikla lukku. Sameiginlegt sumarslútt var haldið með sunddeild UMF Selfoss og Sunddeild Hamars og var það haldið í júní í sundlauginni Laugaskarði þar sem Wibit-brautin var nýtt vel og grillaðar voru pylsur. Árlega kertasundið var haldið um miðjann desember. Samverukvöld fjölskyldunnar í sundlauginni Laugaskarði voru haldin í desember 2025.

Fjárafilanir sunddeildarinnar síðasta árið voru ein dósasöfnun. Gekk hún afar vel og er frábært fyrir litla deild og safnaðist um 270.000,- en sunddeildin fékk Græna Skáta til þess að sækja og telja dósirnar .

Það er ekki sjálfgefið að halda úti starfi deilda í íþróttafélagi. Við höfum verið heppin með alla þá sem koma að starfi í sunddeildarinnar en viljum fyrst og fremst á að þakka þjálfaranum okkar Magnúsi Tryggvasyni. Það er hverri deild ómetanlegt að hafa öflugan þjálfara sem brennur fyrir starfi sínu og þar höfum við hann Magga Tryggva fremstan í flokki. Einnig vil ég öllum stjórnarmeðlimum sunddeildar Hamars fyrir sitt ómetanlega og óeigingjarna framlag til starfsins. Starfsfólki sundlaugarinnar í Laugaskarði færum við einnig okkar bestu þakkið fyrir góðan stuðning og fyrir að vera ávallt til staðar fyrir sundiðkendur sunddeildar Hamars.

Hveragerði 16. febrúar 2026

Laufey Sif Lárusdóttir - formaður sunddeildar Hamars



ÁRSREIKNINGAR
AÐALSTJÓRNAR HAMARS
OG DEILDA 2025



Ársreikningur Badmintondeild

Rekstrarreikningur ársins 2025

Badminton

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Æfingagjöld		2,363,856	592,065
Styrkir og gjafir		100,000	25,000
Styrkur frá Hamar		1,519,030	2,034,286
Tekjur af mótahaldi		0	0
Fjáröflun		840,115	421,200
Aðrar tekjur		0	41,298
Tekjur samtals:		4,823,001	3,113,849
Rekstrargjöld			
Áhaldakaup		405,393	71,949
Kostnaður vegna fjáröflunar		64,271	20,000
Þjálfunarkostnaður		2,851,612	3,079,635
Ferðakostnaður		0	151,616
Búningakaup		206,500	192,350
Aðildagjöld		0	165,000
Þátttaka í mótum		419,050	375,000
Þjónustu- og vaxtagjöld		0	5,504
Annar rekstrarkostnaður		145,830	111,482
Afskriftir		28,422	29,918
Gjöld samtals:		4,144,078	4,202,454
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		678,923	(1,088,605)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármagnstekjur		2,858	25,017
Fjármagnsgjöld		(8,945)	(2,116)
		(6,087)	22,901
Hagnaður (tap) ársins		672,836	(1,065,704)

Efnahagsreikningur

Eignir	31/12/2025	31/12/2024
Tækjaeign	540,018	568,440
Viðskiptakröfur	0	44,000
Bankareikningur 1	2,576,519	1,831,408
Bankareikningur 2	2,198	2,077
Bankareikningur 3	2,045	2,019
Eignir	3,120,780	2,447,944

31/ December 2025

Eigið fé og skuldir	31/12/2025	31/12/2024
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap)	2,447,944	3,513,648
Hagnaður (tap) ársins	672,836	(1,065,704)
Eigið fé	3,120,780	2,447,944
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	0	0
	0	0
Skuldir	0	0
Eigið fé og skuldir	3,120,780	2,447,944



Fjárhagsáætlun Badmintondeild 2026

Rekstrartekjur	2026 Áætlun
Hveragerðisbær rekstrarstyrkur	0
Stuðningsmannafélag	0
Æfingagjöld	2,400,000
Styrkir og gjafir	100,000
Styrkur frá Hamar	1,600,000
Tekjur af mótahaldi	300,000
Fjáröflun	800,000
Tekjufært frá fyrra ári	
Tekjur samtals:	5,200,000

Rekstrargjöld	
Kostnaður vegna móta	
Áhaldakaup	400,000
Kostnaður vegna fjáröflunar	65,000
Leikmannakostnaður	
Þjálfunarkostnaður	3,300,000
Launatengd gjöld	
Tryggingar	
Bíllaleiga	
Húsaleiga	
Ferðakostnaður	300,000
Búningakaup	200,000
Aðkeypt vinna	
Aðildagjöld	0
Sjúkrakostnaður	
Greiddur styrkur til meistaradeildar	
Námskeiðskostnaður	
Þátttaka í mótum	450,000
Dómarakostnaður	
Umboðslaun	
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	
Þjónustu- og vaxtagjöld	0
Annar rekstrarkostnaður	150,000
Afskriftir	30,000
Gjöld samtals:	4,895,000

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármagnstekjur	2500
Fjármagnsgjöld	-8000
	-5500
Áætlaður hagnaður ársins	299,500

Ársreikningur Blakdeild – Úrvalsdeild

Rekstrarreikningur ársins 2025

Blak úrvalsdeild

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Styrkir og gjafir		3,380,270	5,446,629
Styrkur frá Hamar		2,849,476	2,535,000
Tekjur af mótahaldi		355,958	779,599
Fjáröflun		0	0
Aðrar tekjur		96,977	0
Tekjur samtals:		6,682,681	8,761,228
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna fjáröflunar		0	141,943
Þjálfunarkostnaður		2,902,292	4,601,000
Húsnæðiskostnaður		1,311,451	0
Ferðakostnaður		654,591	668,389
Aðildagjöld		415,000	693,773
Þátttaka í mótum		25,000	2,591,144
Dómarakostnaður		140,000	0
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		120,915	0
Þjónustu- og vaxtagjöld		4,046	44,320
Annar rekstrarkostnaður		177,000	16,000
Gjöld samtals:		5,788,365	8,756,569
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		894,316	4,659
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármagnstekjur		2,863	9,786
Fjármagnsgjöld		(3,825)	(2,024)
		(962)	7,762
Hagnaður (tap) ársins		893,354	12,421



Ársreikningur Blakdeild – Úrvalsdeild

Efnahagsreikningur

Eignir	31/12/2025	31/12/2024
Ógreiddir styrkir	0	0
Bankareikningur 1	1,846,682	1,090,218
Eignir	1,846,682	1,090,218

31/ December 2025

Eigið fé og skuldir	31/12/2025	31/12/2024
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap)	614,983	656,562
Leiðrétt staða eigið fé	0	(54,000)
Hagnaður (tap) ársins	893,354	12,421
Eigið fé	1,508,337	614,983
Skammtímaskuldir		
Ógreitt vegna starfsmanna	338,345	338,345
Aðrar skammtímaskuldir	0	136,890
	338,345	475,235
Skuldir	338,345	475,235
Eigið fé og skuldir	1,846,682	1,090,218

Fjárhagsáætlun Blakdeild – Úrvalsdeild 2026

	Skýr.	2026	2025
Rekstrartekjur			
Hveragerðisbær rekstrarstyrkur		0	0
Stuðningsmannafélag		0	0
Æfingagjöld		0	0
Styrkir og gjafir		3.500.000	3.380.270
Styrkur frá Hamar		2.500.000	2.849.476
Tekjur af mótahaldi		500.000	355.958
Fjáröflun		0	0
Aðrar tekjur		150.000	96.977
Tekjur samtals:		6.650.000	6.682.681
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna móta		38.070	38.070
Áhaldakaup		0	0
Kostnaður vegna fjáröflunar		0	0
Laun		0	0
Þjálfunarkostnaður		2.500.000	2.902.292
Húsnæðiskostnaður		2.500.000	1.311.451
Launatengd gjöld		0	0
Slysatryggingar starfsfólks		0	0
Ferðakostnaður		650.000	654.591
Búningakaup		0	0
Aðkeypt vinna		0	0
Aðildagjöld		415.000	415.000
Sjúkrakostnaður		0	0
Greiddur styrkur til meistaradeildar		0	0
Námskeiðskostnaður		0	0
Þátttaka í mótum		25.000	25.000
Dómarakostnaður		140.000	140.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		100.000	120.915
Þjónustu- og vaxtagjöld		4.046	4.046
Annar rekstrarkostnaður		150.000	177.000
Afskriftir		0	0
Gjöld samtals:		6.522.116	5.788.365
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		127.884	894.316



Ársreikningur Blakdeild – yngri flokkar

Rekstrarreikningur ársins 2025

Blak - yngri flokkar

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Æfingagjöld		1.536.379	1.159.194
Styrkur frá Hamar		660.304	1.795.325
Tekjur af mótahaldi		38.070	424.854
Fjáröflun		0	54.000
Tekjur samtals:		2.234.753	3.433.373
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna móta		36.086	737.838
Þjálfunarkostnaður		862.500	2.027.469
Ferðakostnaður		0	309.937
Aðildagjöld		150.000	0
Þátttaka í mótum		145.545	0
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		33.447	0
Annar rekstrarkostnaður		3.798	61.112
Gjöld samtals:		1.231.376	3.136.356
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		1.003.377	297.017
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármagnstekjur		4.458	17.765
Fjármagnsgjöld		(636)	(10.279)
		3.822	7.486
Hagnaður (tap) ársins		1.007.199	304.503

Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2025	31.12.2024
Bankareikningur 1	1.316.295	1.012.597
Bankareikningur 2	514.100	144.237
Bankareikningur 3	198.529	294.079
Bankareikningur 4	214.143	124.958
Bankareikningur 5	59	56
Eignir	2.243.126	1.575.927

31. desember 2025

